



1. útgáfa 05.02.2021


Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Rauðsprit		
Vörunúmer:	948 3027574	1 L	
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:			
Viðeigandi notkun	Leysiefni, eldsneyti.		
Notkun sem ráðið er frá	Eingöngu til iðnaðarnota.		
1.3 Söluaðili:	N1	Framleiðandi:	Wilhelmsen Chemicals A/S
	Dalvegur 10-14		PO Box 15, Kjöpmannsskjær
	201 Kópavogur		N-3143 Noregur
Sími:	4401000		00-47-33-35-15-00
Netfang:	n1@n1.is		chemicals@wilhelmsen.com
Veffang:	www.n1.is		www.wilhelmsenchemicals.no
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:			
Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):	H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 2
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
2.2 Merkingaratriði:			
Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):	 		
Hættumerki			
Viðvörðunarorð:	HÆTTA		
Hættusetningar	H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu	
Varnaðarsetningar	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.	
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.	
	P243	Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragni.	
	P261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.	
	P280	Notið augnhlífur/andlitshlífur.	
	P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.	
	P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.	
Inniheldur:	Etanól 60-100%, própán-2-ól 1-10%.		
2.3 Aðrar hættur:	Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB. (PBT : Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB : Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).		
	Sjá einnig 11. og 15. lið.		

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Etanól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457610-43	Innihald %	60 - 100
Raðnúmer	603-002-00-5	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-578-6	H-setningar	-
CAS	64-17-5	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Augnert.2 - H319			

Própan-2-ól			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119457558-25	Innihald %	1 - 10
Raðnúmer	603-117-00-0	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	200-661-7	H-setningar	-
CAS	67-63-0	Flokkun, hættumerking	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225, Augnert. 2 - H319, SEM-VES 3 - H336			

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

Almennt	Leitið lækni séu einkenni viðvarandi. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.
Innöndun	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð ef þarf. Leitið lækni eða eitrunarmiðstöðvar við vanlíðan.
Snerting við húð	Hreinsið húð með nægu vatni (sturta).
Snerting við augu	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlínsur fyrir skolon. Leitið lækni ef erting myndast.
Inntaka	Gefið mikið vatn eða mjólk að drekka. Leitið lækni við óþægindum eða við mikla inntöku.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Við venjulegar vinnuaðstæður er áverkun etanóls fyrst og fremst um öndunarveg. Við ísog mikils magns um húð (eða inntöku), er hætta á miðtaugakerfisskaða, ógleði, uppköstum og vímuáhrifum.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður:	Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði, sandur, kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður:	Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna myndast kolefnisoxíð, eitraðar og ertandi gufur og reykur. Gufa er þyngri en loft, getur borist með gólfi og að íkveikjuvöldum. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið. Hafið gætur á útbreiðslu elds með gufu.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysin

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist úðamyndun. Reykið ekki. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð, augu, og fatnað. Fjarlægjið alla eld- og neistagjafa. Rýmið mengað svæði. Notið viðeigandi persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Sprengihætta. Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í lágt liggjandi svæði eða niðurföll.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið ísogsefni svo sem sand eða jarðveg. Setjið í þar til gerð vel merkt og lokuð ílát og fargið sbr. 13.lið. Hreinsið mengað svæði með miklu vatni.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu eða úða og snertingu við húð, augu og fatnað. Reykið ekki. Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar. Notið persónuhlífar. Gerið ráðstafanir gegn myndun stöðurafragns / neistavárinn búnað. Gufa er þyngri en loft.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Geymið fjarri, beinu sólarljósi, háu hitastigi, eld- og neistagjöfum.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Liggur ekki fyrir.

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfærifreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Athugasemdir
Etanól	500	1000	1000	1900	
Própan-2-ól	150	350	250	600	

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.

Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar

Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Notið leysiefnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr nitrilgúmmii (EN 374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Öndunarfæri

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar.

Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir við miðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu með síu fyrir lífrænar gufur.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Alkóhóllýkt
Litur:	Rauður/ljósrauður
Suðumark:	82°C
Blossamark:	12°C (TCC)
Sjálftendrunarmark:	400°C
Lægri sprengimörk í lofti:	2,5%
Hærri sprengimörk í lofti:	12,7%
Leysni í vatni:	Leysanlegt
Sprengihætta:	Varan sjálf er ekki sprengifim, en getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Forðist opinn eld og aðra eld- og neistagjafa. Reykið ekki.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður. Ath. þó eld- og neistagjafa.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Opinn eldur og aðrir hitagjafar, hátt hitastig.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast koldíoxíð og reykur, eitraðar og ertandi gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrhrif:	Ekki ætlað til neyslu vegna íblöndunarefna. Viðhafið góðar vinnuvenjur við meðhöndlun.
Innöndun:	Gufa í háum styrk getur valdið ertingu í öndunarfærum. Innöndun leysiefna getur valdið höfuðverk, vanlíðan og vímuáhrifum.
Snerting við húð:	Getur valdið þurrki og sprungumyndun.
Snerting við augu:	Getur valdið tímabundinni ertingu. Hár styrkur gufu hefur sömu áhrif.
Inntaka:	Veldur ertingu í meltingarvegi, vanlíðan, og vímuáhrifum, höfuðverk. Inntaka mikils magns veldur meðvitundarleysi og getur jafnvel reynst banvænt. (Banvænn skammtur:300-400 ml etanóls á 1 klst, eða 165 ml própán-2-óls).

Etanól	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhrif, inntaka	LD ₅₀	>2000	mg/kg		Reiknuð stærð
Bráð eiturrhrif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg		Reiknuð stærð
Bráð eiturrhrif, innöndun	LC ₅₀	>20	mg/l/4 klst		Reiknuð stærð
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	Endurtekin snerting affitar húð
Alvarlegur augnskaði		Væg erting		kanína	OECD 405
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur ekki næmingu			

Própan-2-ól	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhrif, innöndun	LC ₀	72,6	mg/l/4 klst	rotta	
Bráð eiturrhrif, inntaka	LD ₅₀	5045	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhrif, ísog um húð	LD ₅₀	12800	mg/kg	kanína	
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Ertandi		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur ekki næmingu			
Helstu einkenni		Öndunarefniðleikar, svimi, meðvitundarleysi, ógleði, uppköst, höfuðverkur, vímuáhrif, sljóleiki.			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Varan er ekki talin skaðleg umhverfinu.

Etanól	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif	LC ₅₀	>5000	mg/l	96 klst/fiskar	

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Innihaldsefni brotna auðveldlega niður.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Innihaldsefni safnast ekki upp.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Varan inniheldur rokgjörn efni, sem gufa hratt upp.

12.5 PBT/VPvB: Á ekki við.




13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.
Skv. reglugerð nr.1040/2016 um spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:
07 01 04 (Aðrir lífræni leysar, þvottalausnir og móðurvökvar.)

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:		Varúðarmerking
UN Númer	1987	
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS, N.O.S.	
Hættuflokkur:	3	
Hættuundirflokkur:	33	
Pökkunarflokkur:	II	
Mengunarhætta:	Nei	
IMDG:		
UN Númer	1987	
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS, N.O.S.	
Hættuflokkur:	3	
Pökkunarflokkur:	II	
EMS:	F-E, S-D	
Sjávarmengandi:	Nei	
IATA:		
UN Númer	1987	
Efnisheiti v. flutninga:	ALCOHOLS, N.O.S.	
Hættuflokkur:	3	
Pökkunarflokkur:	II	
Mengunarhætta:	Nei	

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima

Útgáfa: 1
Dags: 05.02.2021

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: **WILHELMOSEN CHEMICALS A/S**
SAEKERHETS DATABLAD
RÖDSPRIT HALL MIBA

Útgáfa: 22.05.2019 Útgáfa 6